

Hluti af núverandi deiliskipulagi frá 17.05.2013. Mkv. 1:1500

GREINARGERÐ

Gerð er breyting á deiliskipulagi Fjadrárgljúfurs sem samþykkt var 17.05.2013. Á undanförnum árum hefur ferðabjónusta verið vaxandi atvinnugrein í Skaftárhreppi. og tekur deiliskipulagsbreyting þessi til eins vinsælasta áningar- og ferðamannastaðar Skaftárhrepps, Fjadrárgljúfurs, fyrirkomulag bílastæða á svæðinu og þjónustuhúss.

Markmið breytingarinnar er að halda áfram markvissri uppbyggingu Fjadrárgljúfurs sem ferðamannastaðar í takt við þann mikla fjölda ferðamanna sem heimsækir staðinn árlega og að vernda þessa náttúruperlu Skaftárhrepps fyrir miklum ágangi og álaga af hans völdum. Í deiliskipulaginu er aðeins gert ráð fyrir uppbyggingu sem fylgir almennri útivist og náttúruskoðun, s.s. stígum, skiltum, salernisstöðu, útsýnisstöðum og bílastæðum fyrir göngu- og ferðafólk. Reynsla undanfarinna ára sýnir að nauðsynlegt er að bæta aðstöðu fyrir gesti, bæta og breyta legu og uppbyggingu göngustíga og fjölda bílastæðum til að svæðið ann þeim fjölda sem þangað sækir án þess að landið láti enn frekar á sjá og hætta skapist fyrir gesti. Á tímabilum hefur Umhverfisstofnun þurft að grípa til lokana á svæðinu við Fjadrárgljúfur í lengri og skemtri tíma vegna aurbleytu og gróðurskemmda í kjölfar leysinga, og einnig af öryggisástæðum.

Núverandi staða

Bílastæði á svæðinu er fyrir samtals 10 bíla og 2 rútustæði. Lögð hefur verður gönguleið suður fyrir svæðið þar sem er gott útsýni yfir Eldhraunið. Öðrum stóðum hefur að mestu verið lokað til að koma í veg fyrir traðk á viðkvæmum mosasvæðum utan við stíginn.

Tillaga að breytingu

Breytingin snýr að því að stækka bílastæði og færa það fjær Fjadrárgljúfirinu og gera ráð fyrir nýju og stærra þjónustuhúsi. Einnig er gerð breyting á legu stiga um svæðið til að hlífa því svæði þar sem ágangur hefur verið hvað mestur undanfarin ár og stigar eru færðir ofar í landið þar sem vatn og aur safnast síður saman og verður að svæði undir vissum kringumstæðum, lega þeirra er þó aðeins sýnd til skýringar á uppdætti. Er það gert til að vernda svæðið og gróður við göngustíga, sem gjarnan er troðinn niður þegar stigar verða ófærir vegna aurbleytu. Er það einnig gert í öryggisskyni.

Deiliskipulagsvæðið er stækkað úr 21 ha í 25 ha þar sem deiliskipulagsvæðið er stækkað til suðurs.

Þjónustuhús stækkað úr 500 m² byggt úr náttúrulegum efnum sem blandast vel við nærliggjandi náttúru.

Gerð er breyting á bílastæðum, þeim fjölgað til að anna fjölda gesta og koma í veg fyrir að bílum sé lagt meðfram aðkomuvegi og skapi þannig hættu í umferðinni. Á syðra svæði sem er á aukum við Fjadrá er gert ráð fyrir 111 bílastæðum og 3 rútustæðum. Á efra bílastæði við Lakaveg er gert ráð fyrir 24 bílastæðum þar af allavega þremur fyrir hreyfihamlaða og tveimur stæðum fyrir rútur.

Að öðru leyti gilda skilmálar úr gildandi skipulagi sem samþykkt var 17.05.2013.

Umhverfisáhrif tillögunnar


Breytingin hefur jákvæð áhrif á samfélag og náttúruferu. Eitt aðalmarkmið breytingarinnar er að auka umferðaröryggi með aðskilnaði akstursleiða og bílastæðum beggja vegna þjóðveggar. Á síðustu árum hafa orðið mjög alvarleg umferðarslys á svæðinu.

Leitast verður við að framkvæmdir innan svæðisins verða á þegar röskuðum svæðum og miðast þær við að verja viðkvæman gróður svæðisins eins og kostur er.


Með þessari breytingu sem verður álag af öðrum stöðum og færa megin bílastæði og mannvirki fjær gljúfirinu sjálfu. Samstarf hefur verið við Umhverfisstofnun og verður áfram við allar framkvæmdir.

Markmið deiliskipulagsins er í samræmi við stefnu sveitarfélagsins í aðalskipulagi og er breytingin ekki talin hafa neikvæð áhrif á umhverfið. Breytingartillagan hefur jákvæð áhrif á samfélagið þar sem aðgengi og öryggismál batna og slaukinn fjöldi ferðamanna sem heimsækir staðinn mun síður valda skemmdum vegna ágangs og álags.

Breytingar eftir auglýsingu



Tillaga að nýju deiliskipulagi mars 2023. Mkv. 1:1500



Hluti af auglýsti Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2019-2031

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

_____ þann

_____ 2023 og í

_____ 2023.

Tillagan var auglýst frá _____ 2023 með athugasemdafresti til _____ 2023.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2023.

SKAFTÁRHREPPUR
LANDMÖTLUN

FJADRÁRGLJÚFUR
BREYTING Á DEILISKIPULAGI

DEILISKIPULAGSUPPLAÐUR

SKAFTÁRHREPPUR